



Hafnarfjörður

Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Hafnarfjörður, 23. október 2023  
2310478 AME

### Tilkynning um afgreiðslu umhverfis- og framkvæmdaráðs

Samgönguáætlun 2024-2028, umsögn

Á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar þann 18. október 2023 var eftirfarandi mál til umfjöllunar og afgreiðsla þess var:

*Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskar umsagnar vegna tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024 - 2028, 315. mál. Óskað er að umsögn berist eigi síðar en 26. október nk.*

Umhverfis- og framkvæmdaráð bókar:

Framkvæmdaáætlun Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir að framkvæmdir við „Reykjanesbraut-Álftanesvegur-Lækjargata“ hefjist á árinu 2024 og ljúki árið 2028. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2024-2038 gerir ráð fyrir að framkvæmdir við „Álftanesvegur - Lækjargata“ hefjist 2028 og ljúki 2033. Umhverfis- og framkvæmdaráði þykir þessi seinkun með öllu óásættanleg og skorar á Alþingi að sjá til þess að staðið verði við það sem kemur fram í Samgöngusáttmálanum. Jafnframt geri Vegagerðin upp við Hafnarfjarðarbæ vegna endurgerðar Kaldárselsvegar frá Reykjanesbraut að Elliðavatsvegi.

Virðingarfyllt,

Anna María Elíasdóttir  
skrifstofustjóri